

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hrafnagili - Kroppps í Eyjafjarðarsveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Rannsóknarskýrslur 2022/4



Forsíðumynd: Vörðuhóll á Kroppi, mynd tekinn í norð-austur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2022/4

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
HRAFNAGIL-KROPPUR.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	5
SAMANTEKT.....	15
HEIMILDASKRÁ.....	16

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðin um að annast fornleifaskráningu vegna deiliskipulags sem nær yfir hluta af jörðunum Hrafnagil, Grísará og Kroppi í Eyjafjarðarsveit. Afmarkað svæði er um 106 ha og nær yfir norðurhluta Hrafnagils, yfir Grísará, suðurhluta Kropps og yfir Eyjafjarðará. Til var gömul fornleifaskráning af svæðinu sem stuðst var við. Vettvangsathugun fór svo fram í lok maí 2022. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum fyrir leiðsögn og góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 2767.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnist engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. á map.is allt frá gömlum svarthvítum loftmyndum til loftmynda frá 2018, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga og niðurrhalsgögn frá Landmælingum Íslands. Til var gömul fornleifaskráning frá 1994 sem stuðst var við. Jafnframt var leitað eftir upplýsingum frá heimaþólki sem þekkti vel sögu svæðisins. Þegar búið var að fara yfir allar þessar upplýsingar var svo vettvangsvinna þar sem gengið var skipulega um svæðið. Þar sem minjar fundust voru þær uppmældar með trimble tæki, mældar og ljósmyndaðar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2018.

Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins, verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Hrafnagil - Kroppur

Hrafnagil:

Elstu heimildir um byggð á Hrafnagili eru frá síðari hluta 10. aldar og þrátt fyrir að hreppurinn hafi dregið nafnið sitt af jörðinni þá virðist hún ekki hafa verið landnámsjörð. Hrafnagil hefur hins vegar þótt góð jörð og verið miðstöð hreppsþúa, Á staðnum hafa sögufrægir atburðir átt sér stað og á Sturlungaöld bjuggu þar höfðingjar og voru mannafundir algengir.⁸ Lengi var þar þingstaður, kirkjustaður og prestsetur og árið 1712 var jörðin að hálfu í eigu Hrafnagilskirkju og hálfu í eigu konungs. Allt fram til 1863 áttu íbúar Akureyrar kirkjusókn á Hrafnagili en þá var byggð kirkja á Akureyri og Hrafnagilskirkja aflögð.⁹

Bæjarstæðið er í halla við brekkurætur skammt vestan Eyjafjarðrabrautar vestri og ná tún jarðarinnar frá Eyjafjarðará upp í brekkurnar við Reykú, beitið er hinsvegar til fjallsins. Í landi Hrafnagils voru tvær laugar önnur neðan vegarins suður við Botnsland oftast kölluð Botnslaug og svo Hrafnagilslaug ytri rétt ofan við húsnæði Grunnskólans. Í norðurenda Hrafnagils var býlið Nýlenda¹⁰ er það farið í eyði töluvert fyrir þann tíma sem jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er skrifuð.¹¹ Ekki er vitað hvort þar hafi verið jörð eða hjáleiga en árið 1912 lánaði staðarhaldari Hrafnagils, Grísará býlið fyrir stekkjarstæði.¹²

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁸ Stefán, 2019, bls.289.

⁹ Stefán, 2019, bls.290.

¹⁰ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 750.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 219.

¹² Stefán, 2019, bls.290.

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Pálssonar er tekið fram að útigangur á fé hafi verið góður það hafi þó þurft að gefa fóður með, mismikið eftir árferði. Útiganga hesta hafið verið í meðallagi en torfrista og stunga lítil og léleg. Jörðin hafi átt ítök s.s. afréttarland fram í Fnjóskadal og hálfan Bleiksmýrardal, afréttartoll, engjateiga tvo austan Eyjafjarðarár og torfskurð í Sigtúnalandi. Á Hrafnagilslandi hafi túnið oft orðið fyrir tjóni vegna mikils vatnsmagns úr Reykú. Oft hafi engið spillt vegna grjótsáburðar úr sömu á og víða hafi mikil bleyta verið í því. Úthagarnir hafi verið nokkuð hrjóstugir en þó skárri til fjallsins. Bæjarlækurinn hafi átt það til að stækka á veturnar og það hafi komið fyrir að flætt hafi kringum staðinn og kirkjuna og töluverð vinna hafi farið í það að veita honum í burtu til að fyrirbyggja tjón af hans völdum.¹³

Grísará:

Grísará er lítil jörð sem löngum hefur verið í eigu Hrafnagilskirkju.¹⁴ Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að á staðnum hafi torfrista og stunga verið næg og fjalldraparif hafi verið til eldiviðarstyrks ásamt taði undan kvikfé. Mikil bleyta hafi verið í enginu sem hafi svo ollið miklu tjóni á rótinni. Úthagarnir hafi verið sæmilegir en hætta hafi verið fyrir kvikfé af Grísará og afætudýjum.¹⁵

Á Grísará er landið allt er í hjalla nema spilda sem er austan við Eyjafjarðarbraut eystri. Túnið liggur að mestu leyti ofan við núverandi bæ og beitoland til fjallsins. Á seinni tímum hefur verið nytjaskógrækt, grænmetis og garðplönturækt.¹⁶

Kroppur:

Í gegnum tíðina hefur Kroppur verið talinn ágætis jörð og alloft hafi búið þar efnabændur og hefur jörðin verið í einkaeign frá upphafi.¹⁷ Íbúðarhúsið á Kroppi stendur á hól í brekkunni vestan Eyjafjarðarbrautar vestri. Það var fyrst byggt 1919 en viðbætur við það árin 1957 og 1967. Tún jarðarinnar eru að mestu ofan bæjarins, þau er nokkuð mishæðótt en samfelld. Jörðinni tilheyrir um 12 ha engjaspilda austan Eyjafjarðarár svokallað Kroppsnes en það var nýtt alveg fram yfir 1960 og uppskeran oftast flutt á pramma yfir Eyjafjarðará. Mikið land er frá túnnum og upp til fjallsins og er það beitoland jarðarinnar.¹⁸

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er útigangur á sauðfé sagður hafa verið sæmilegur en en hafi þó þurft að gefa fóður með en hestar geta verið úti án gjafar. Lítið sé af fjalldraparif til eldiviðarstyrks og torfrista og stunga hafi verið lök. Á Kroppsnesi landspildunni austan við Eyjafjarðará hafi ekki verið stundaður heyskapur í langan tíma vegna tjóns á svæðinu frá Eyjafjarðará og hafi varla verið nothæft sem bithagi og engan veginn fyrir búfé vegna vatnsmagns í ánni. Túnið blási upp og mikið grjót sé undir grasrótinni. Næg engi hafi verið í úthögum en lítið annarsstaðar. Hætta hafi verið fyrir kvikfé vegna holgryfja

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 218.

¹⁴ Stefán, 2019, bls. 272.

¹⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 217.

¹⁶ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 742.

¹⁷ Stefán, 2019, bls.259.

¹⁸ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 738.

og dýja. Forn hjáleiga hafi verið í túninu sunnan við Kropp en hafi þó verið í eyði í 40 ár.¹⁹ Hjáleigan var nefnd Kroppshús eða stundum Litli-Kroppur.²⁰

5. Fornleifaskrá

Fornleifanúmer: 2767-01

Hnit: A541579.6 N563897.1 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Tóft

Leifar eru af túngarðinum á Hrafnagili, garðurinn er orðinn mjög útflattur og orðið erfitt að greina hann í landslaginu. Garðurinn sést fyrst skammt fyrir norðan útihúsin á Hrafnagili og liggur norður að skurði sem afmarkar Hrafnagilshverfi. Lengdin á garðinum er um 46 m, hæð 0,3 m og breidd 2 m. Þegar skoðaðar eru loftmyndir af map.is þá sést hann miklu greinilegra á svarthvítum loftmyndum og liggur þá aðeins lengra í suður og töluvert lengra í norður. Hann er varla greinanlegur á loftmynd frá 2018 og hefur greinilega verið raskað í gegnum árin.²¹



Mynd 1. Túngarður, mynd tekinn í suður.

Fornleifanúmer: 2767-02

Hnit: A541640.6 N563970.5 ISN93

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti Hrafnagils þá var kálgarður þar sem húsin á lóðunum Brekkutröð 3 og 5 standa í dag í Hrafnagilshverfinu.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 216.

²⁰ Stefán, 2019, bls.260.

²¹ MAP.IS. Loftmyndir ehf.

Fornleifanúmer: 2767-03

Hnit: A541641.9 N564182.2 ISN93

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Nokkru norðan við Bæjarhólinn, út undir Reykú, er slétt gund; vottar þar fyrir túnstæði, túngarði og tóttarbrotum. Heita það Kóngshús, og hefur þar verið hjáleiga frá Hrafnagili (á 16.-17. Öld?). Rétt norðan við Kóngshús rennur Reykú...“²² Samvæmt örnefnavefsjá landmælinga þá var Kóngshús staðsett þar sem núna er skógreitur kallaður Ungmennafélagsreiturinn.²³ Heimildarmaður taldi að staðurinn hafi verið vestan við lóðarmörk á Skógartröð 5 í skógreitnum,²⁴ ekki var hægt að sjá nein ummerki um tóftir á staðnum eða í næsta nágrenni. Í Eldri skráningu eru hleðslur sagðar útflattar og að mikil hætta sé vegna trjáræktar.²⁵

Fornleifanúmer: 2767-04

Hnit: A541718.5 N564345.7 ISN93

Hlutverk: Laug

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við réttina skagar fram langur malarhóll, kallaður Laugarhóll, en norðan undir honum er Ytrilaugin (46° heit).²⁶ Ytrilaug var á þeim slóðum þar sem húsið á lóðinni Laugartröð 9 stendur núna.

Fornleifanúmer: 2767-05

Hnit: A541717.4 N564465.3 ISN93

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Neðst í brekkunni, út og upp af lauginni, er túnstæði nokkurt og tóttarbrott; hét sá bær Nýlenda og mun hafa farið í eyði móðuharðindum. „²⁷ Nýlenda hefur verið á þeim slóðum sem Hjallatröð 7 stendur samkvæmt örnefnavefsjá landmælinga.²⁸ Heimildarmaður taldi jafnvel líklegt að hann hafi staðið aðeins lengra upp í brekkunni.²⁹ Upp í brekkunni voru tré sem huldu allt svæðið og ekki var hægt að sjá nein ummerki á þeim slóðum sem tré skyggðu ekki á. Í Eldri skráningu er aðeins minnst á að hleðslur séu útflattar og lítil hætta sé vegna trjáræktar.³⁰ Af lýsingum frá örnefnaskrá og eldri skráningu er kannski líklegt að tóftirnar hafi verið neðar í brekkunni og hafi horfið í framkvæmdum fremur en skógrækt.

Fornleifanúmer: 2767-06

Hnit: A541700.5 N564231.8 ISN93

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Þar sem Reykú kemur fram að brúninni, er allhár og fallegur foss, Reykáfoss, en efst á eyrunum er önnur skilarétt hreppsins, Hrafnagilsrétt eða Reykárrett.“³¹

²² Jónas Rafnar, Hrafnagil, bls. 2.

²³ Landmælingar Íslands, Örnefnavefsjá.

²⁴ Ólafur Geir Vagnsson, munnleg heimild.

²⁵ Orri og Adolf, 1994, bls. 37.

²⁶ Jónas Rafnar, Hrafnagil, bls. 2.

²⁷ Jónas Rafnar, Hrafnagil, bls. 3.

²⁸ Landmælingar Íslands, Örnefnavefsjá.

²⁹ Ólafur Geir Vagnsson, munnleg heimild.

³⁰ Orri og Adolf, 1994, bls. 37.

³¹ Jónas Rafnar, Hrafnagil, bls. 2.

Samkvæmt heimildarmanni þá var hún staðsett ofan og sunnan við Laugarborg.³² Fast við réttina var steipt hesthús sem síðar var síðar notað sem verkfæraskúr þegar Laugarborg er byggð, hesthúsið var þar sem nú er borhola þar sem göngustígurinn liggur meðfram Reykáni.³³

Fornleifanúmer: 2767-07

Hnit: A541858.1 N564257.1 ISN93

Hlutverk: Braggahverfi

Tegund: Steypu leifar

Herinn hafði nokkur umsvif á Hrafnagili og segir í skýrslunni frá 1994 að þar hafi verið braggahverfi en lítið fari nú fyrir undirstöðunum.³⁴ Samkvæmt heimildarmanni þá voru braggahverfin bæði ofan og neðan við veg.³⁵ Einu leifarnar sem eftir eru af braggahverfunum á Hrafnagili eru steypu leifar af undirstöðum um 50 m norð-vestur af Hrafnagilsskóla. Mældar voru upp þær leifar sem voru vel sýnilegar með gps tæki en lagfærðar aðeins með loftmynd frá 1998. Í flestum tilfellum voru þetta einungis leifar úr undirstöðunum en sum staðar mátti sjá smá brot úr veggja leifum hæst um 0,2 m og breidd 0,16 m. Það var aðeins á einum stað sem hægt var að sjá grunn í nokkur veginn fullri stærð þrátt fyrir að hann hafi verið töluvert raskaður þar var hann um 36,6 m á lengd og 14,8 m á breidd þar sem hann var breiðastur. Á tveimur öðrum stöðum mátti sjá smá brot úr grunni. Á loftmyndum sjást óljós för eftir bragga á svæðinu norðan við það svæði sem uppmælt var.



Mynd 1. Steypu grunnur úr braggahverfunum, mynd er tekinn í suður.

Grísará:

Fornleifanúmer: 2767-08

Hnit: A541785.3 N564914.2 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Samkvæmt heimildarmanni var bæjarstæði Grísaá í túninu á milli lóðanna Grísará 1 og Grísará 2 um 140 m vestan við þjóðveginn nærri norður jaðri túnsins, skammt sunnan við


³² Ólafur Geir Vagnsson, munnleg heimild.

³³ Hreiðar Hreiðarsson, munnleg heimild.


³⁴ Orri og Adolf, 1994, bls. 98.

³⁵ Hreiðar Hreiðarsson, munnleg heimild.

Grísará. Túnið er nokkuð bratt en þar sem bærinn hefur staðið er nokkurs konar stallur sem liggur norður-suður í gegnum túnið þar sem hallinn er töluvert minni en á öðrum svæðum í túninu. Engar leifar sjást á staðnum, samkvæmt heimildarmanni var öllu ýtt með jarðýtu og svæðið sléttað.³⁶



Mynd 2. Grísará úr bókinni Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár.³⁷



Mynd 3. Grísará um 1890 úr bókinni Bæjarlýsingar og teikningar.³⁸

Á teikningu í bók Jónasar Rafnar þá er (a) bæjardyr, (b) göng, (c) baðstofa og hjónahús (í norður hluta), (d) búr, (e) eldhús, (f) fjóshólf, (g) fjós, (h) stofa með lofti og steinhlöðnum kjallara, (i) skáli og (j) skemma.³⁹

³⁶ Hreiðar Hreiðarsson, munnleg heimild.

³⁷ Stefán, 2019, bls.272.

³⁸ Jónas, 1975, bls. 21.

³⁹ Jónas, 1975, bls. 21.

Fornleifanúmer: 2767-09

Hnit: A541752.9 N564855.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 80 m suð-vestur af íbúðarhúsinu á lóðinni Grísará 1. Það liggur á sama stalli sem liggur norður-suður gegnum túnið og gamla bæjarstæðið liggur á. Engin ummerki sjást í túninu.

Fornleifanúmer: 2767-10

Hnit: A541766.6 N564932.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu voru þrjú útihús fyrir ofan eða vestan við gamla bæjarstæðið á Grísará. Heimildarmaður gat staðsett tvö af þeim fjárhúsið og hesthúsið. Þriðja húsið er líklega það sem er næst bæjarstæðinu um 100 m ofan eða vestan við húsið á lóðinni Grísará 2. Eins og hin tvö hefur það verið í órækt norðan við núverandi tún sunnan við bæjarlækinn.

Fornleifanúmer: 2767-11

Hnit: A541733.3 N564940.3 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Samkvæmt heimildarmanni var hesthús um 130 m ofan við húsið á lóðinni Grísará 2 á óræktarbletti norðan við túnið. Það var svo nærri Grísaránni að erfitt var að ganga fyrir norðan húsið það án þess að fara út ána. Stærð þess hefur líklega verið um 8X8 m.⁴⁰ Þetta hesthús hefur verið eitt af þeim húsum sem eru merkt inn á túnakortið.

Fornleifanúmer: 2767-12

Hnit: A541693.3 N564919.1 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Heimildarmaður gat líka um staðsetningu á fjárhúsum sem var á óræktarbletti norðan við túnið og sunnan við Grísará um 170 m fyrir ofan íbúðarhúsið á lóðinni Grísará 2. Einu leifarnar af fjárhúsunum er steipt baðkar sem var ýtt út í Grísará þegar staðurinn var jafnaður við jörðu. Þetta er jafnframt eitt af þeim fjórum útihúsum sem voru á túnakortinu.

⁴⁰ Hreiðar Hreiðarsson, munnleg heimild.



Mynd 4. Steyptar leifar af steyptu baðkari úr fjárhúsunum, mynd er tekinn í norð-austur.

Fornleifanúmer: 2767-13

Hnit: A541676.0 N564694.7 ISN93

Hlutverk: Gerði

Tegund: Tóftir

Í örnefnaskrá segir: „Grísarárgerði er sunnan við túnið.“⁴¹ Tóftirnar eru um 120 m sunnan við túnið um 95 m ofan við húsið á lóðinni Skák lóð 4. Tóftirnar eru um 17X9 m en vestur hlutinn á þeim er orðinn nokkuð útflattur og óreglulegur. Það virðast vera tvö hólfi á þeim í norður hlutanum annað með útgang í austur en hitt í vestur. Í suður hlutanum á tóftunum eru tvö samliggjandi hólfi með op á milli og útgang í austur. Hæð veggja á tóftunum var 0,3-0,8 m og breidd um 1 m þar sem þeir voru einna skýrastir, Mikil sina lá yfir rústunum sem gerði uppmælingu á þeim nokkuð erfiðari.



Mynd 5. Grísarárgerði, mynd er tekinn í suð-austur.

⁴¹ Margeir Jónsson, Grísará, bls. 1.

Fornleifanúmer: 2767-14

Hnit: A541663.7 N564925.3 ISN93

Hlutverk: Gerði

Tegund: Tóft

Fast sunnan við lækinn um 264 m ofan við þjóðveginn virðist vera leifar að nokkurs konar gerði. Það er mjög greinilegt á svarthvítri loftmynd á map.is eins má sjá suður hluta þess á loftmynd frá 1998 og tré í norður hlutanum. Í dag hafa tréin algjörlega tekið yfir og það er ekki sýnilegt lengur. Á gömlu loftmyndinni virðist það hafa verið um 14X15 m.⁴² Á staðnum var erfitt að sjá nokkuð vegna mikils og þétts trjágróðurs. Það virstist þó vera hægt að greina leifar af gerðinu milli trjáanna þar sem hæð hleðsla voru um 0,1-0,2 m og breidd 0,8 m. Eins og má sjá á mynd 4 þá skyggja tréin algjörlega á og erfitt að meta umfang og eðli tóftanna.



Mynd 6. Leifar af gerði, mynd er tekinn í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 2765-15

Hnit: A541680.9 N564964.0 ISN93

Hlutverk: Garður

Tegund: Tóft

Fast norðan við Grísará um 252 m ofan við þjóðveg er garðlag sem liggur norður-suður og beygir svo aðeins í vestur meðfram skurði áður en það fjarar út. Garðlagið er um 33 m á lengd og hæð 0,3-1,1 m en það er töluvert hærra austan megin, breidd um 1,5 m.

⁴² MAP.IS. Loftmyndir ehf.



Mynd 7. Garðlag, mynd er tekinn í norður

Kroppur:

Fornleifanúmer: 2765-16

Hnit: A541557.6 N565010.7 ISN93

Hlutverk: Varða

Tegund: Steinhleðsla

Í örnefnaskrá segir: „Vörðuhóll er beint suður af Kvíhól, og er hann á merkjum milli Grísarár og Kropps; eru merkin í hann sunnanverðan.“⁴³ Vörðuhóll er um 380 m ofan við þjóðveginn eða 70 norðan við Grísará. Hóllinn hefur verið áberandi í landslaginu en í dag eru tré farinn að skyggja á hann. Á hólnum voru tvær vörður með skömmu milli bili. Fyrri varðan var fremst á hólnum og töluvert stærri um 1,6X1,8 m og hæð um 0,6-0,8 m.



Mynd 8. Vörðuhóll austari varðan, mynd tekinn í norð-austur.

⁴³ Margeir Jónsson, Kroppur, bls. 2.

Hlutverk: Varða

Tegund: Steinhleðsla

Í örnefnaskrá segir: „Vörðuhóll er beint suður af Kvíhól, og er hann á merkjum milli Grísarár og Kropps; eru merkin í hann sunnanverðan.“⁴⁴ Vörðuhóll er um 380 m ofan við þjóðveginn eða 70 norðan við Grísará. Hóllinn hefur verið áberandi í landslaginu en í dag eru tré farinn að skyggja á hann. Á hólnum voru tvær vörður með skömmu milli bili. Seinni varðan sem var um 6 m vestan við þá fyrri og var aðeins minni eða um 1X1 m og hæð 0,4 m.




Mynd 9, Vestari varðan á Vörðuhól, mynd tekinn í suður.

Heimildir voru um fleiri minjastaði á Kroppi sem voru innan eða nærri skipulagsmörkunum. Þegar haft var samband við heimildarmann vegna þessara staða þá benti hann á að þeir hefðu þegar verið skráðir árið 2021 í tengslum við deiliskipulag á íbúðarbyggð á Kroppi.⁴⁵ Eftir skoðun á þeim gögnum kom í ljós að aðrir minjastaðir á svæðinu hefðu þegar verið skráðir í þeirri fornleifaskráningu.⁴⁶ Eftir samtal við minjavörð Norðurlands eystra þá var talið að óþarfi væri að skrá þá staði aftur þar sem þeir hefðu verið skráðir svo nýlega.

⁴⁴ Margeir Jónsson, Kroppur, bls. 2.

⁴⁵ Hörður Snorrason, munnleg heimild.

⁴⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, bls. 18-26.



- - - Afmörkun skipulagssvæðis
- - - Fornleifar
- - - Fornleifar af túnakorti
- Heimildir um fornleifar

nafn: HRAFNAGIL-KROPPUR	teikn. 21.03.2022 hj	Skýringar: Menningarminjar og heimildir um menningarminjar innan deiliskipulagssvæðis á Hrafnagili, Grísará og Kropps.	 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
EYJAFJARÐARSVEIT	mælikv. 1:8000 í A4	Unnið eftir mynd nr. e595 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2018	

6. Samantekt

Byggðin á Hrafnagili hefur tekið miklum breytingum síðan fornleifaskráningin 1994 var gerð og að sama skapi hafa skráningar aðferðir breyst mikið síðan þá. Þorpið hefur dreift úr sér og að einnig hefur mikil trjárækt átt sér stað á svæðinu og þakið minjasvæði sem voru áður vel sýnileg. Þar sem gps hnitin í eldri skýrslu eru svo ónákvæm og lýsingar af stöðunum og staðsetningu þeirra af skornum skammti er erfitt að átta sig á hvort minjar hafi horfið í framkvæmdum eða séu huldar af trjágróðri. Stór hluti af þeim minjum sem skráðir voru á svæðinu bæði í þessari skýrslu og þeir sem voru skráðir á Kroppi úr skýrslunni frá 2021 eru aðeins til sem heimildir. Ekki sjást nein ummerki um þá og í sumum tilfellum voru þeir á stöðum þar sem þeim hefur líklega verið raskað eða fjarlægðir vegna framkvæmda eins s.s. húsbygginga, landbúnaðar eða vegagerðar. Til dæmis samkvæmt heimildarmanni þá voru allar byggingar á túninu á Grísará jafnaðar við jörðu með jarðýtu og svæðið sléttað.⁴⁷

Mikilvægt er þó að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar finnist þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 7. júní 2022.
Hákon Jensson

⁴⁷ Hreiðar Hreiðarsson, munnleg heimild.

7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hrafnagilshreppur. tíunda. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1987.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2021). Fornleifaskráning í landi Kropps við Hrafnagil: Deiliskráning vegna íbúðabygðar. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldsson og Kristján Sigfússon (ritnefnd). (1993). Byggðir Eyjafjarðar 1990, síðara bindi. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altxt/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Landmælinga Íslands, örnefnasjá. Sótt af <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>. Skoðað 05.06.2022.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Jónas Rafnar. (1975). Bæjarlýsingar og teikningar. Eyfyrsk Fræði III. Sögufélag Eyfirðinga.

MAP.IS. Loftmyndir ehf. Sótt af <https://www.map.is/base/@541667,564933,z11,0>. Skoðað 06.06.2022.

Stefán Aðalsteinsson. (2019). Eyfirðingar I Hrafnagilshreppur. Akureyri. Sögufélag Eyfirðinga. Akureyri.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1994). Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár. Minjasafnið á Akureyri.

Örnefnaskrár:

Jónas Rafnar. Hrafnagil. Hrafnagilshreppur. Eyjafjarðarsýsla. Samlesið G.S.M. Örnefnastofnun.

Margeir Jónsson. Grísará. Hrafnagilshreppur. Eyjafjarðarsýsla. Samlesið G.S.M. Örnefnastofnun.

Margeir Jónsson. Kroppur. Hrafnagilshreppur. Eyjafjarðarsýsla. Örnefnastofnun.

Heimildarmenn:

Hreiðar Hreiðarsson, 1949, Brekkutröð 8, Eyjafjarðarsveit.

Hörður Snorrason, 1957, Hvammur Eyjafjarðarsveit.

Ólafur Geir Vagnsson, 1943, Hlébergi, Eyjafjarðarsveit.

Túnakort :

Grísarár - tún. Ummáls-dráttur samkvæmt m. 1918 Kr. H. Benjamínsson.

Hrafnagils - tún. Ummáls-dráttur samkvæmt m. 1918 Kr. H. Benjamínsson.

Kroppur. Hrafnagilshreppur. Ummáls-dráttur samkvæmt m. 1918 Kr. H. Benjamínsson.